# VIÐ LEITUM AÐ ÖFLUGUM FRAMKVÆMDASTJÓRA

## UMF ÞÓRS OG KNATTSPYRNUNFÉLAGSINS ÆGIS

Íþróttafélögin UMF Þór og Knattspyrnufélag Ægis í Ölfusi leita að öflugum, framsýnum og skipulögðum framkvæmdastjóra til að leiða daglegan rekstur félaganna og styðja við áframhaldandi uppbyggingu íþróttastarfs í sveitarfélaginu. Starfið er fjölbreytt, lifandi og krefst bæði sjálfstæðis og góðrar hæfni í samskiptum.

**Um er að ræða 80% starf og ráðningatími til reynslu út árið 2026.**

**UMSÓKNARFRESTUR TIL 24. MAÍ 2026**



## HELSTU VERKEFNI

- Daglegur rekstur og yfirumsjón með starfsemi félaganna.
- Virk samskipti við formenn, stjórnir, þjálfara og foreldra.
- Eftirlit með starfsemi aðildarfélaga og faglegur stuðningur við mótshald og aðra viðburði.
- Umsjón með kynningamálum og upplýsingaflæði.
- Samskipti við sérsambönd og landssamtök (KKÍ, KSÍ, HSK, UMFÍ, ÍSÍ o.fl.) og þingboð.
- Styrkjaleit og aðstoð við umsóknir í styrktarsjóði, bæði innlernda og erlenda.
- Yfirumsjón með greiðslu- og skráningarkerfum (t.d. Abller).
- Fræðsla og stuðningur við sjálfboðaliða og þjálfara.
- Markaðssetning, kynning og efling ímyndar íþróttanna í Ölfusi.
- Eftirfylgni með jafnréttisstefnu deilda og stuðningur við fyrirmyndarfélagaferli ÍSÍ.
- Önnur tilfallandi verkefni sem stjórnir félaganna fela framkvæmdastjóra.

## HÆFNISKRÖFUR

- Menntun á sviði íþrótta, stjórnunar eða skyldum greinum er æskileg.
- Reynsla af rekstri íþrótta- eða félagasamtaka er mikilvæg; reynsla af viðburðastjórnun er kostur.
- Góð tölvukunnátta
- Lipurð í mannlegum samskiptum, jákvæð þjónustulund og hæfni til að leiða verkefni.
- Frumkvæði, skipulagshæfni og geta til að vinna sjálfstætt.
- Önnur reynsla sem nýtist í starfi er metin til tekna.

| | | |
|---|---|---|
| Tækifæri til að hafa áhrif á þróun íþróttalífs í ört stækkandi samfélagi. | Nærtekt, fjölbreytt og skemmtilegt starfsumhverfi. | Nánara samstarf við þjálfara, foreldra, iðkendur og öflugt tengslanet í íþróttahreyfingunni. |

## UMSÓKNIR

Senda umsókn og ferilskrá ásamt frekari upplýsingum

hjortur@faerni.is
ossi@audbjorg.is